

AUGLÝSING

um breytingu á nafni Ölfushrepps.

1. gr.

Nafn sveitarfélagsins skal vera Sveitarfélagið Ölfus.

2. gr.

Framangreind breyting, sem samþykkt er af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með skv. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. mars 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík – Áburðarverksmiðjan í Gufunesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 deiliskipulag á uppfyllingu við bryggju í landi Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi – byggingu sementsgeyma og þjónustuhúss.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæð

3. mgr. 9. gr. laga nr. 138/1997, um húisleigubætur.

Grunnfjárhæð 3. mgr. 9. gr. verður 3.055.000

Breyting þessi tekur gildi 1. janúar 1999 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. mars 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.